

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Motopark og þjónusta við Reykjanesbraut, norðurhluti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að hluti óbyggðs svæðis „landsvæði Reykjanesbæjar“ alls um 55 ha breytist annars vegar í 18 ha opið svæði til sérstakra nota og hins vegar í 37 ha verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007